

## Bingó með samsettum orðum

### Efni:

- spjöld með samsettum orðum (ég gerði 40 spjöld í 4,5x6,5 ramma, myndir og texti fyrir neðan)
- 5 bingóspjöld með 8 römmum á hverju spjaldi (ég hafði ramma 5x7 cm)
- plöstanarvél og plast

### Aðferð:

- Þegar búið er að gera spjöldin eru þau prentuð út á kartonpappír í A4 stærð sem er eins þykkur og plöstanarvélina þolir. Klippa spjöldin (nema bingóspjöldin) Sett í plast og rennt í gegnum plöstanarvélina. Klippið til.

### Bingóið:

- Spjöldunum skipt í tvennt (ósamsett og samsett orð) og ákveðið hvort fer á bingóspjöldin. Þeir sem spila draga svo sín spjöld og setja í ramma á sínu bingóspjaldi. Bingóstjórinn dregur eitt spjald í einu úr sínum bunka t.d. bíll og stóll. Þeir sem eru að spila leita þá hjá sér hvort þeir eru með samsetta orðið bílstóll á sínu spjaldi og sá sem er með það leggur bílstólinn ofan á bíll - stóll. Hægt að gera þetta öfugt og lesa bílstóll og þá á að finna ósamsettu orðin. Einnig má hugsa sér að blanda úr báðum hópum. Sá vinnur sem fyrstur fyllir sitt bingóspjald.

### Ath:

- Þetta gerði ég fyrir elstu börnin í leikskólanum en ef börnin eru orðin vel læs má gera þetta einungis með orðum og er þá hægt að gera mun fleiri og fjölbreyttari samsett orð.


